

Könnunarskurðir vegna stækkunar Urtagarðs í Nesi við Seltjörn



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júní 2016
NV nr. 21-16

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðafræði.....	3
3. Rannsóknarsvæðið	3
4. Vettvangsrannsókn	5
5. Niðurstaða	6
6. Heimildarskrá	7

1. Inngangur

Áætlað er að hefja framkvæmdir vegna stækkunar urtagarðs í Nesi við Seltjörn, austur af Nesstofu. Margrét Pálsdóttir formaður umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar óskaði þess að fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tæki að sér að gera könnunarskurði vegna framkvæmdarinnar. Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði rannsókn við Nesstofu í apríl árið 2010 þegar áætlað var að gera fyrsta hluta urtagarðsins sem nú er staðsettur á svæðinu. Við þá rannsókn kom í ljós þunnt lag af öskuhaugnum í Nesi sem hafði verið útfluttur allt í kring um bæjarhólinn¹. Nú er áformað að stækka urtagarðinn til suðurs og á viðbótin að vera jafn stór og sá garður sem nú er á svæðinu. Auk þess er fyrirhugað að útbúa svæði til útikennslu til vesturs út frá nýrri hluta garðsins. Rannsóknin fór fram þann 29. júní 2016.

Leyfi til fornleifarannsóknarinnar var gefið út af Minjastofnun Íslands þann 23. júní. 2016 og hlaut rannsóknin rannsóknarnúmerið 201606-0061 og rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns er 2016-37.

Hreinn Sigurjónsson sá um gröfuvinnu og fær bestu þakkir fyrir.

2. Markmið og aðferðafræði

Á svæðinu suður af núverandi urtagarði var áður kálgarður. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort minjar leyndust undir sverði vegna nálægðar við bæjarhólinn í Nesi og hinar fornu kirkju sem stóð um 50 m norður af svæðinu. Grafa var notuð til að taka skurðinn og skóf hún jarðveginn undir eftirliti fornleifafræðings.

3. Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er í jaðri bæjarhólsins í Nesi við Seltjörn. Nánar tiltekið í suð-austur hluta hólsins. Eldri fornleifarannsóknir á svæðinu leiddu í ljós að byggð hefur verið í Nesi síðan á landnámsöld².

Margar fornleifarannsóknir hafa farið fram á bæjarhólnum á síðustu 20 árum, flestar í formi könnunarskurða (Margrét Hallmundsdóttir 2010:3). Fyrirhuguð stækkun er suður

¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn. 2010.*

² Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. *Fornleifarannsókn við Nesstofu. 1989.*

af núverandi urtagarði sem staðsettur er á svæði sem er í austur jaðri bæjarhólsins. Heimildir eru um að kálgarður hafi lengi verið á þessum stað og má sjá merki þess enn þann dag í dag (t.d. Margrét Hallmundsdóttir 2010:3). Við austurhlið bæjarhólsins í Nesi standa íbúðarhúsin Neströð 7 og Nesbali 34. Við þessi hús er hlaðinn steingarður (sjá mynd 1). Kálgarðurinn gamli var fast upp við þennan grjótgarð. Norður af gamla kálgarðinum hækkar landið og er talið fullvíst að þar sé gamli kirkjugarðurinn í Nesi. Rúst sjálfrar kirkjunnar er í garði íbúðarhússins við Neströð 7.



Mynd 1. Kortið sýnir fyrirhugaða stækkun og staðsetningu könnunarskurða sem eru merktir með grænu.

4. Vettvangsrannsókn

Rannsóknin fór fram þann 29.júní 2016. Gerðir voru tveir skurðir með gröfu. Lengri skurðinn var 11 m á lengd, 1 m á breidd og 110- 130 cm á dýpt. Skurðurinn var gerður horn í horn frá norð-austri til suð-vesturs og náði yfir allt fyrirhugað framkvæmdasvæði (mynd 1.) Hinn skurðinn var mun minni eða um 2x1 m og var gerður þar sem fyrirhugað kennslusvæði á að vera. Ekkert jarðrask verður þar sem kennslusvæðið á að vera. Á einum stað var grafið vel ofan í sjávarbotninn til að fá fullvissu um óhreyft lag væri að ræða.



Mynd 2. Óhreyfður sjávarbotn.



Mynd 3. Skurðurinn að lokinni rannsókn. Tekið í NA.

5. Niðurstaða

Grafið var niður á óhreyft lag. Engar mannvistarleifar fundust í skurðinum ólíkt því sem fannst þegar rannsóknin var gerð árið 2010³. Greinilegt að er kálgarðurinn sem var þarna hefur verið plægður og hann stunginn upp reglulega. Eina lagið var um 1 m þykkt lag af hreyfðum jarðvegi úr kálgarðinum sem þarna var. Engin gjóskulög fundust vegna þess að jarðvegurinn var svo umsnúinn. Næsta lag var óhreyft lag af gömlum sjávarbotni. Sama var að segja um minni skurðinn sem tekin var þar sem kennslusvæðið á að vera.

Engar minjar eða mannvistarlög verða því fyrir röskun vegna framkvæmda við stækkun urtagarðs í Nesi við Seltjörn.



Mynd 4. Unnið að gerð könnunarskurða. Tekið úr núverandi Urtagarði til suðurs.

³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifarannsókn í Nesi við Seltjörn.2010*

6. Heimildarskrá

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. Fornleifarannsókn við Nesstofu. Þjóðminjasafn Íslands 1989.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Uppmælingar á fornleifum við bæjarhólinn í Nesi á Seltjarnarnesi vegna deiliskipulags á vestursvæðum. Náttúrustofa Vestfjarða 2010. Nv nr. 02- 10.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Guðrún Jóna Þráinsdóttir. Fornleifarannsókn á Nesi við Seltjörn. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 9-10.